



Náttúruhamfaratrygging
Íslands

ÁRSSKÝRSLA 2019



EFNISYFIRLIT

STJÓRN OG STARFSFÓLK

Upplýsingar um stjórn og starfsfólk 4-5

HELSTU UPPLÝSINGAR ÚR REKSTRINUM

Vegna ársins 2019 6-7

LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI

Rekstrarreikningur 8
Efnahagsreikningur 9
Helstu skýringar með ársreikningi 10-11







STJÓRN

Stjórn NTÍ var skipuð árið 2019 til fjögurra ára. Stjórnina skipa Sigurður Kári Kristjánsson formaður, Lína Björg Tryggvadóttir varaformaður, Jóna Björk Guðnadóttir, Ragnar Þorgeirsson og Steinar Harðarson.

Stjórn NTÍ hefur lagt áherslu á endurtryggingar, eignastýringu og stöðugar umbætur. Framkvæmdastjóri NTÍ hefur leitt umfangsmiklar breytingar á áhættustýringu stofnunarinnar sem stjórn telur að séu til mikilla hagsbóta fyrir starfsemina.



Sigurður Kári Kristjánsson, stjórnarformaður, starfar hjá Lögmönnum Lækjargötu. Hann hefur gegnt hlutverki stjórnarformanns Náttúruhamfaratryggingar Íslands frá árinu 2015 og er skipaður af ráðherra.



Lína Björg Tryggvadóttir, varaformaður, er verkefnastjóri hjá Vestfjarðastofu og búsett á Ísafirði. Lína Björg var fyrst skipuð í stjórn NTÍ af Alþingi árið 2011 og var varaformaður stjórnar frá árinu 2015-2019.



Jóna Björk Guðnadóttir, er yfirlögfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF). Hún var varamaður í stjórn frá 2015-2019, en var skipuð í stjórn NTÍ eftir tilnefningu frá SFF árið 2019.



Ragnar Þorgeirsson, er löggildur fasteignasali og starfar á Heimili fasteignasölu. Ragnar var fyrst skipaður í stjórn NTÍ af Alþingi árið 2015, auk þess sem hann er fulltrúi stjórnar í endurskoðunarnefnd.



Steinar Harðarson, starfar sem sjálfstæður vinnuverndarráðgjafi hjá Vinnuvernd og forvörnum ehf. Hann var í stjórn frá 2011-2015, varamaður frá 2015-2019 og var nú aftur skipaður í stjórn árið 2019.



STARFSFÓLK

Kjarnastarfsemi NTÍ er skipuð fáum einstaklingum sem annast fjölbreytt verkefni innan stofnunarinnar. Þegar tjónsatburðir eiga sér stað er starfsemin miðuð að því að geta vaxið og minnkað á mjög skömmum tíma, bæði með tímabundnum ráðningum og þjónustu verktaka.

Fyrir liggja samningar um tjónamat við fjórar verkfræðistofur, Eflu, Mannvit, Verkís og VSÓ. Þegar á þarf að halda eru fengnir aðrir utanaðkomandi ráðgjafar og verktakar til að sinna þeim verkefnum sem upp koma.



Hulda Ragnheiður Árnadóttir, MS bankastjórnun, fjármálum og alþjóðaviðskiptum hefur verið framkvæmdastjóri frá árinu 2010. Hún starfaði áður við innri endurskoðun og fjármálastjórn.



Jón Örvar Bjarnason, verkfræðingur og sérfræðingur í tjóna- og áhættumati. Hann hefur verið starfsmaður NTÍ síðan 2013, en var áður matsmaður í verktöku á vegum Verkís fyrir NTÍ allt frá árinu 2000.



Tinna Hallbergsdóttir, MS í stjórnun og stefnumótun er upplýsingatækni- og þjónustustjóri. Hún hefur starfað hjá NTÍ frá árinu 2008.



Jónína Pálsdóttir, bókari og þjónustufulltrúi. Hún hefur starfað hjá NTÍ frá árinu 2012. Hún starfaði áður við bókhald hjá Virtus, bókhaldsþjónustu.



HELSTU UPPLÝSINGAR ÚR REKSTRINUM

Vegna ársins 2019


Heildarhagnaður ársins 2019 nam 5,6 milljörðum samanborið við 3,9 milljarða árið 2018, sem er 46% aukning. Þar liggur munurinn fyrst og fremst í fjárfestingatekjum sem vaxa úr 1,8 milljarði í 3,3 milljarða á milli ára eða um tæp 82% og iðgjaldatekjum sem aukast um tæplega 11% á milli ára. Á sama tíma eykst kostnaður um tæplega 12%. **Mynd 1** sýnir hvernig heildartekjur NTÍ á árinu 2019, alls 7,6 milljarðar, skiptast á milli iðgjalda- og fjárfestingartekna. **Mynd 2** sýnir þróun á heildarvirði váttryggðra eigna frá árinu 2003 í milljörðum króna. Á þeirri mynd sést að mikil aukning varð á verðmæti váttryggðra eigna á milli árunna 2018 og 2019. Sú aukning er fyrst og fremst vegna hækkunar brunabótamats sem er forsenda váttryggingafjárhæðar húseigna. Hækkun brunabótamats er nokkuð umfram hækkun byggingarvísitölu fyrir sama tímabil. Einnig bættust fleiri nýjar húseignir við váttryggingarstofn NTÍ árið 2018, en að jafnaði undanfarin ár. Á **Mynd 3** má sjá heildartjónskostnað NTÍ allt aftur til ársins 2008, en í maí það ár varð stór jarðskjálfti á Suðurlandi, sem jafnframt er stærsti tjónsatburður í sögu stofnunarinnar. Bókfært heildartjón vegna jarðskjálftans var um 10 milljarðar, en tjón umfram 6,5 milljarða var greitt af endurtryggjendum á grundvelli þágildandi endurtryggingasamnings. Heildargreiðslur vegna atburðarins, framreiknaðar með byggingarvísitölu til ársloka 2019, nema um 16 milljörðum króna.

Hagnaði NTÍ er ráðstafað inn á eignasafn, en eignir aukast um 15,6% á milli ára. Efnahagsreikningur ársins 2019 gefur niðurstöðu upp á 46,6 milljarða, samanborið við 40,2 milljarða fyrir árið 2018. Þar af eru fjárfestingatekjur 3,3 milljarðar. Á árinu 2019 urðu engir stórir tjónsatburðir og heildartjón nam því aðeins um 20 milljónum króna.

TEKJUSKIPTING


Samtals 7,6 milljarðar króna

Mynd 1




HEILDARVIRÐI VÁTRYGGÐRA EIGNA

Mynd 2



HEILDARTJÓN FRÁ 2008-2019 Á NÚVIRÐI

Mynd 3





LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI 2019

REKSTRARREIKNINGUR

	Skýr.	2019	2018
Iðgjöld ársins		3.259.983	2.946.653
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum		(477.562)	(491.521)
Eigin iðgjöld	4	2.782.421	2.455.132
Fjármunatekjur	5	4.277.012	2.350.845
Fjármagnstekjuskattur	17	(940.943)	(517.271)
Fjárfestingatekjur		3.336.069	1.833.574
Heildartekjur		6.118.490	4.288.706
Tjónakostnaður		(9.367)	(4.094)
Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði		(24.881)	(13.862)
Eigin tjón	6	(34.248)	(17.956)
Rekstrarkostnaður	7	(404.990)	(378.227)
Umboðslaun		(30.163)	(27.606)
Vaxtagjöld		(3.640)	0
Heildargjöld		(473.041)	(423.789)
Heildarhagnaður ársins		5.645.449	3.864.917

EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2019

	Skýr.	2019	2018
EIGNIR			
Rekstrarfjármunir	10*	4.116	5.145
Leigueign	11*	58.219	0
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	13*	45.008.525	37.659.042
Endurtryggingaeignir	14*	12.000	61.731
Viðskiptakröfur		797.705	656.968
Aðrar kröfur		3.609	4.129
Handbært fé		688.345	1.840.766
		46.572.519	40.227.781
EIGIÐ FÉ			
Varasjóður		4.270.135	4.270.135
Óráðstafað eigið fé		39.789.606	34.144.157
	15*	44.059.741	38.414.292
SKULDIR			
Vátryggingaskuld	15*	1.092.213	1.054.872
Skattskuldbinding	16*	1.304.435	713.212
Leiguskuld		59.701	0
Viðskiptaskuldir		18.184	15.731
Áfallinn kostnaður og fyrirfram innh. tekjur		38.245	29.674
		2.512.778	1.813.489
		46.572.519	40.227.781

*Stjórnumerkta skýringar má finna í ársreikningi á heimasíðu NTÍ, www.nti.is, aðrar skýringar eru á bls. 10-11

HELSTU SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2019

Skýring 4	2019	2018
Eigin iðgjöld		
Bókfærð iðgjöld	3.306.803	3.070.454
Hluti endurtryggjenda	(477.562)	(491.521)
Breyting á iðgjaldaskuld	(46.819)	(123.801)
Eigin iðgjöld samtals	2.782.421	2.455.132

Skýring 5		
Fjármunatekjur		
Vaxtatekjur af bankainnistæðum	45.146	70.468
Aðrar vaxtatekjur	76	137
Gangvirðisbreyting verðbréfa	4.227.752	2.260.566
Gengismunur gjaldmiðla	4.038	19.674
Fjármunatekjur samtals	4.277.012	2.350.845

Skýring 6		
Eigin tjón		
Bókfærð tjón	18.846	48.094
Hluti endurtryggjenda	(14.619)	(19.138)
Breyting á tjónaskuld	(9.479)	(44.000)
Breyting á hluta endurtr. í tjónaskuld	39.500	33.000
Eigin tjón samtals	34.248	17.956

Skýring 7		
Rekstrarkostnaður		
Laun og launatengd gjöld	101.237	91.944
Aðkeypt sérfræðipjónusta	34.124	26.984
Innheimtupóknun váttryggingafélaga	135.245	123.008
Umsýslupóknun fjársýsluaðila	86.241	77.093
Rannsóknarkostn. vegna náttúruvár	4.775	12.450
Húsnæðiskostnaður	2.655	10.805
Breyting á niðurfærslu krafna	805	708
Tapaðar kröfur	564	111
Afskriftir rekstrarfjárm. og leigueignar	6.831	702
Annar rekstrarkostnaður	32.513	34.422
Rekstrarkostnaður samtals	404.990	378.227





Skýring 8	2019	2018
Laun og launatengd gjöld		
Laun	79.471	72.888
Lífeyrisiðgjöld	13.178	11.890
Tryggingaiðgjald	6.270	5.971
Önnur launatengd gjöld	2.318	1.195
Laun og launatengd gjöld samtals	101.237	91.944
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstör	6	6

Skýring 9		
Þóknun til endurskoðanda		
Endurskoðun ársreiknings	1.994	984
Innri endurskoðun	1.680	1.773
Endurskoðunarkostnaður samtals	3.674	2.757

Skýring 17		
Skuldbinding vegna fjármagnstekjuskatts		
Skuldbinding í ársbyrjun	713.212	475.778
Fjármagnstekjuskattur ársins	940.943	517.271
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(349.720)	(279.837)
Skuldbinding í árslok	1.304.435	713.212

